

Að búa við húsnæðisöryggi eru mannrétti

Húsnæðismál skipta alla miklu máli þar er eldra fólk engin undantekning. Að búa við húsnæðisöryggi og geta átt samverustundir með öðru fólki er forsenda ánægjulegar öldrunar.

Lang stærsti hluti eldra fólks býr í eigin húsnæði. Sjálfstæð búseta er það sem flest okkar viljum eiga kost á meðan heilsan leyfir. Til að skapa forsendur fyrir sjálfstæðri búsetu eldra fólks er mikilvægt að tryggja aðgang að hentugu húsnæði.

Sérhæft húsnæði fyrir eldra fólk með góðum aðgangi að þjónustu skapar möguleika á að búa í sjálfstæðri búsetu og þörfin fyrir stofnanir minnkar.

Við skipulagningu nýrra búsetusvæða þarf að taka tillit til þarfa eldra fólks, tryggja hentug húsnæði fyrir alla og greiðan aðgang að þjónustu.

Mikið af því húsnæði sem byggt hefur verið fyrir eldra fólk hefur reynst dýrt og ekki á færi allra að kaupa slíkt húsnæði né leigja. Til að mæta ólíkum aðstæðum eldra fólks er mikilvægt að tryggja fjölbreytt búsetuform.

Landsfundur LEB 2024 beinir því til aðildarfélaga samtakanna að gefa húsnæðismálum eldra fólks aukið vægi ekki síst í störfum öldungaráða.

Höfum að leiðarljósi:

Öll viljum við lifa vel og lengi, búa við öryggi og samveru með öðru fólki.

Maður er manns gaman ekki síst hjá eldra fólki.